# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Árneshreppi.**

*Frístundabyggð í landi Dranga.*

Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkti á fundi sínum 14. júlí 2021 deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Dranga, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir alls 14 frístundalóðum á svæðinu og er hver lóð 440 m² að stærð. Tvær þessara lóða eru þegar byggðar.

Á svæðinu, við bæjarstæðið á Dröngum, er m.a. fyrir steypt íbúðarhús, skemma og fjárhús.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 13. september 2021.*

**Þórður Már Sigfússon** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2021